


✉ Re: 2101009 - ASK BR Norður-Garður 3 frístundabyggð

Búið til	12.11.2021 14:35:07
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.11.2021 14:35:05
Tilheyrir	 202103-0011 - Umsögn vegna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 Norður Garður 3

Efni

Re: 2101009 - ASK BR Norður-Garður 3 frístundabyggð

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	12.11.2021 14:35:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	bygg@vik.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202103-0011 (SS).

Vísað er í bréf frá skipulags og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps, dagsett 30. September 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi tillögu um breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Breytingartillagan varðar jörðina Norður-Garð 3.

Breytingartillagan felur í sé að skilgreint verði nýtt 5 hektara svæði fyrir frístundabyggð, þar sem í núgildandi aðalskipulagi er skilgreint landbúnaðarsvæði. Þar sé heimilt að byggja 4 frístundahús. Í greinargerð með breytingartillögunni kemur fram að sett er krafa um að gæta þess að framkvæmdir raski ekki fágætum vistgerðum með hátt verndargildi og að hvorki mannvirkagerð né gróðursetning verði heimil innan 10 m frá bökkum lækjarins inni á jörðinni. Gefið er yfirlit yfir þær vistgerðir sem finnast innan svæðisins og eru sumar með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu varðandi sömu aðalskipulagsbreytingu þann 30. mars 2021. Í þeirri umsögn kom fram að hluti svæðisins sem er til umfjöllunar er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 708; Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall. Einnig kom fram að r Náttúrufræðistofnun Íslandshefur sett fram tillögu um verndarsvæðið Mýrdalur á B-hluta

náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur> (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>)). Það svæði er hins vegar austan við fyrirhugaða frístundabyggð í landi Norður-Garðs.

Í umsögninni var einnig bent á sjávarleirur með hátt verndargildi í Dyrhólaósi, og að það sé mikilvægt að vera á varðbergi fyrir mögulegum vaxtarstöðum sjaldgæfra tegunda en þótt engir slíkir séu þekktir innan áætlaðrar frístundabyggðar við Norður-Garð 3, finnast þær í nágrenninu. Þetta eru munkahetta (*Lychnis flos-cuculi*) og safastör (*Carex diandra*).

Einnig var bent á að þótt ekki verið mikið rask á náttúruminum innan framkvæmdasvæðis, þá geti frístundabyggðin haft áhrif á náttúrulega framvindu gróðurs og á mikilvæg fuglasvæði í nærliggjandi umhverfi.

Þessar fyrri ábendingar Náttúrufræðistofnunar eiga enn þá við og er því vísað í fyrri umsögn.

Náttúrufræðistofnun hefur fengið deiliskipulagstillögu fyrir frístundabyggðina til umsagnar einnig og mun veita umsögn fyrir tilskilinn umsagnarfræst.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "George Frumuselu" <bygg@vik.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "HSL" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDL>
CC:
Subject: 2101009 - ASK BR Norður-Garður 3 frístundabyggð
Date: 30.9.2021 14:52:33

Góðan daginn,

Óskað er umsagna vegna meðfylgjandi mála.

Bestu kveðjur,

George Frumuselu

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Mýrdalshreppur

Sími: 487 1210
myrdalshreppur@vik.is
Austurvegi 17
870 Vík
<http://vik.is>



Menningarmálastofnun
Sameinuðu
þjóðanna
United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organisation



Katla
Hnatrænn jarðvangur
UNESCO
Katla
UNESCO
Global Geopark



Þessi tölvupóstur viðhengi gæti innihaldið trúnaðar upplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skýlt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Viðhengi

image001.png (263 KB)

image002.png (5 KB)